

Aðalfundur FKE 6. maí 2017

Skýrsla Stjórnar. Þóra Alberta Guðmundsdóttir.

Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir þeim verkefnum sem við í stjórninni höfum unnið að á þeim tíma sem liðinn er frá síðasta aðalfundi.

Þegar fyrir áramót, fórum við að velta fyrir okkur sumarferðum, hvert skyldi stefna og hvenær þyrfti að taka ákvörðun. Þar sem Austfjarðaferðin hafði verið vinsæl og ánægjuleg, kom varla annað til greina en að leggja í aðra stórbrotna ferð og heimsækja Vestfirðina líka. Okkur rann líka blóðið til skyldunnar þ.e.s. Vestfirðingunum í stjórninni. Við erum reyndar fjögur sem erum ættuð að vestan og þar af tvö sem eru fædd þar og uppalin. Var því hafist handa að gera drög að ferðaáætlun, kanna verð á rútu, gistingu, mat og fleiru. Pétur Bjarna lagðist nú undir feld og og átti stóran þátt í að safna saman alls kyns upplýsingum og hafa samband við hina og þessa sveitunga sína og vini. Ferðin var löng og fremur ströng enda farið yfir mikið landsvæði. Höfðum við dálitlar áhyggjur af því að ferðafélagarnir yrðu þreyttir og uppgefnir. Það kom þó á daginn að þessi ferð var hreinlega frábær og allir skemmtu sér vel og létu ekki þreytu á sér sjá. Dagsferðin í júlí var farin um Kaldadal að Húsafelli og um Kalmarstungu. Þaðan var haldið á Akranes og kvöldverður snæddur. Þetta var hin besta ferð þó þokan væri að stríða okkur dálítið á Kaldadal. Það er að mörgu að gæta þegar svona ferðir eru undirbúnar. Við höfum alltaf lagt áherslu á að velja góða gistingu og vanda val á matseðlum eftir bestu getu og vona ég að þátttakendur í ferðunum hafi notið þess. Fararstjórunum þeim Pétri og Hirti Þórarinsyni ber að þakka.

Send eru út þrjú fréttabréf á ári í september, janúar og maí. Ca. 560 stk. eru send með pósti en trúlega helmingi fleiri félagsmenn fá sín fréttabréf með tölvupósti. Þannig fá allir skrádir félagsmenn í FKE upplýsingar um starfsemi félagsins svo sem um fundina á Grand-hóтели, Ekkó-kórinn, sumarferðirnar og bókmenntaklúbbinn. Sennilega mætti kynna bókmenntaklúbbinn nánar þannig að fólk viti hvernig hann starfar. Þetta er ekki hinn dæmigerður lesklúbbur sem margir þekkja heldur er fólk hvatt til að koma með bækur sem það er að lesa og vill gjarnan segja hinum frá. Líka er hægt að koma bara og njóta þess sem fram fer og/eða koma með hugmyndir. Rithöfundar koma stundum í heimsókn og hægt er að kaupa sér kaffi.

Fræðslu- og skemmtifundirnir á Grand. Á fyrsta fundi í haust var sagt frá sumarferðunum í máli og myndum. Einnig fjallað um ferð stjórnarinnar til Danmerkur í júní en þar hittust norrænir eftirlaunakennara. Á fundina komu að venju, góðir gestir og fræddu okkur um marvísleg málefni. Hans K. Guðmundsson kynnti fyrir okkur félag fólks á svonefndu *þriðja æviskeiði*. Vigdís Grímsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir lásu uppúr og sögðu frá bókinni, *Elsku drauma mín*. Ekkó-kórinn söng jólalög og kom einnig fram á hátíðarfundinum í mars. Guðlaugur Rúnar Guðmundsson sagnfræðingur fræddi okkur um þátt íslenskra kvenna í menningu og sagnahefð fyrr á öldum, sérlega áhugavert erindi hjá honum. Anna Jónsdóttir, öldrunarlæknir hélt athyglisverðan fyrirlestur um beinvernd og byltur og svaraði fyrirspurnum úr sal.

Í mars var brugðið út af vananum og í stað þess að halda árshátíð að kvöldi dags, auglýstum við séstakan hátíðarfund FKE kl. 13:00. Kokkarnir á Grand- Hóтели lágu ekki á liði sínu og töfrudu fram

frábæran dögurð "bröns" heita og kalda rétti sem komu á óvart. Tvær ungar stúlkur, þær Vigdís og Þorgerður Ása sem kalla sig "Visu-skvísur" skemmtu með söng og hljóðfæraleik. Ég held að alveg meggi segja að þær hafi heillað okkur með söng sínum og skemmtilegri framkomu. Pétur Bjarna sló líka í gegn er hann spjallaði um hamingjuna og kórinn okkar söng. Í apríl fengum við að heyra ferðasögu Guðmundar Kristmundssonar en hann fór ásamt konu sinni og ferðafélögum til Indlands núna í febrúar. Sýndi hann jafnframt sérstæðar myndir úr ferðinni. Ekki má nú gleyma félagsvistinni sem spiluð var af krafti á öllum fundunum nema á hátíðarfundinum. Þakka Gísla Ólafi fyrir frábærar myndir sem oft eru sýndar á fundunum svo og Kristjáni og Halldóri sem sýnt hafa okkur fallegar myndir teknar í ferðum félagsins.

Við erum ánægð með hve dugleg þið eruð að mæta á fundina og taka þátt í ferðunum. Við þurfum líka að kynna félagið og hvetja fleiri til að bætast í hópinn. Síðast liðið haust vorum við beðin að kynna félagið á fundi sem KÍ hélt á Akureyri en þar var haldið fræðslunámskeið fyrir þá KÍ féлага á Norðurlandi sem voru að nálgast eftirlaunaaldur eða höfðu nýlega hætt kennslu. Við Pétur fórum norður og okkur fannst áhugavert að vera með á þessum fundi. Við urðum vör við að fæstir í hópnum höfðu heyrt um þetta félag enda varla von. Aftur verður sett upp svona námskeið næsta haust og þá í Reykjavík og er þá tækifæri að kynna félagið hér á Reykjavíkursvæðinu..

Þar sem ég hef nú verið í stjórninni í sex ár er kominn tími til að hætta og þakka fyrir mjög gefandi og skemmtieg ár. Sérstaklega þakka ég samstarfsfólki mínu í stjórninni, það hefur verið frábært að vinna með þeim.

Reykjavík 6. maí 2017

Þóra Alberta Guðmundsdóttir.